

Sþ.

38. Tillaga til þingsályktunar

[38. mál]

um byggingarframkvæmdir og fornleifarannsóknir í Reykholti.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða undirbúningi næstu bygg-
ingarframkvæmda við Reykholtsskóla og staðsetja þær þannig, að sem fyrst verði
unnt að ljúka fornleifarannsóknunum á staðnum.

Greinargerð.

Á einum mesta sögustað þjóðarinnar, Reykholti í Borgarfirði, blasa við augum
tvö verkefni. Annað er að búa héraðsskólann fullnægjandi húsakosti til allra greina
starfsemi sinnar, en hitt er að ljúka fornleifagrefti á staðnum.

Þessi tvö verkefni kunna að virðast óskyld, en við nánari athugun kemur í
ljós, að órjúfanlegt samhengi er á milli þeirra, og því eru þau tekin saman í einni
og sömu ályktunartillögu.

Reykholtsskóli hefur íþróttahús, sem var reist sem alger bráðabirgðabygging
fyrir rúmlega þrem áratugum, en hefur verið notað æ síðan. Er skólanum brýn
nauðsyn að fá viðunandi íþróttahús, en jafnframt vanhagar hann um rúmbetri
heimavist til að svara kröfum tímans, svo og smíðahús og fleira.

Hið gamla og ófullnægjandi íþróttahús stendur einmitt þar, sem göng Snorra lágu
frá bæ hans til laugarinnar. Þess vegna hefur ekki verið unnt að ljúka uppgrefti
á þessum merkilegu göngum, en fræðimönnum og leikmönnum er mikil forvitni að
vita, hvað í ljós kemur, þegar unnt verður að ljúka þeim grefti og komið verður að
sjálfum bæjarrústunum. Þegar þeim grefti lýkur, verður væntanlega unnt að ganga
frá lauginni eftir göngunum í bæinn, sömu leið og Snorri fór, hvað sem annað kann
að koma í ljós. Þessar fornleifaframkvæmdir er ekki hægt að vinna, fyrr en gamla
íþróttahúsið verður fjarlægð, en það má skólinn ekki missa, fyrr en hann fær
nýtt hús.

Af þessum staðreyndum verður ljóst, að hér er um veigamikið mál að ræða,
sem þjóðin verður að hrinda í framkvæmd, þótt það taki óhjákvæmilega nokkur ár.
Er tími til kominn að undirbúa málið og byrja á byrjuninni: reisa nýtt íþrótt-
hús fyrir Reykholtsskóla.

Árið 1957 samþykkti Alþingi tillögu um, að hyggja skyldi að framtíðarskipan
Reykholtis, og var þá skipuð nefnd, sem fjallaði um þau mál. Var gert mikið átak
fyrir skólann og sjálft skólahúsið endurbætt stórlega, enda var þess orðin rík þörf.
Þá veitti Alþingi nokkurt fé til viðhalds sögulegum minjum í Reykholti, og hefur
verið hægt að halda Snorralaus vel við og gæta hennar síðan, enda er það óhjákvæmi-
legt. Hins vegar varð nefndinni ljóst, að verkefni framtíðarinnar væru þau, sem
í þessari tillögu eru greind, og fellur í skaut Alþingis að hrinda því máli áfram
með framkvæmdum, þegar málið hefur verið nægilega undirbúið. Þess vegna er
tímabært að hreyfa málefnum Reykholtis á nýjan leik, og er vonandi, að þingið
sýni sama skilning nú og áður, þannig að stöðugt miði áfram, unz Reykholt er
þannig úr garði gert, að þjóðin hafi búið staðinn eins og sögu hans sæmir.